

Tillaga til 454. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 2. apríl 2020

Tillaga 1099. fundar bæjarráðs frá 23. mars sl., um að heimila nefndum, ráðum og bæjarstjórn að funda samkvæmt breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 á meðan neyðarástand ríkir vegna COVID-19, til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga.

1. Kórónaveiran COVID-19 - breytingar á sveitarstjórnarlögum - 2020030054

Lagðir fram til kynningar tölvupóstar Jóhönnu Sigurjónsdóttur, f.h. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 18. og 19. mars þar sem vakin er athygli á breytingum á sveitarstjórnarlögum sem ætlað er að skapa sveitarfélögum svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og tryggja að sveitarstjórnir verði starfhæfar.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að á meðan neyðarástand ríkir vegna COVID-19 verði nefndum, ráðum og bæjarstjórn heimilt að funda samkvæmt breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga.